

Norðurlandamót í flokki unghunda

Sunnudagur 24. nóvember, 2013 – Jón Axel tók saman.

Um helgina var haldið norðurlandamót í flokki unghunda. Miðað var við að hundarnir væru yngri en þriggja ára á mótssdegi. Hvert norðurlandanna mátti senda 10 hunda til þátttöku. Alls byrjuðu 40 hundar keppni fyrri daginn og 38 síðari daginn. Síðari daginn byrjaði sá keppandi sem fékk fæst stig fyrri daginn og sá sem fékk flest stig fór síðastur í brautina. Flestir hundanna voru frá Noregi og Svíðþjóð. Um 10 hundar voru frá Danmörku og einn frá Færeyjum. Finnland og Ísland áttu ekki þátttakendur á mótinu.

Deild innan sænksa smalahundafélagsins, með Lisu Hansson í fararbroddi, sá um keppnina. Aðstaða til keppni var góð og skipulagning mótsins einnig. Dómari keppninnar var James McGee frá Írlandi og var ekki að sjá annað en að honum tækist vel til.

Úthlaupið var um 300 metrar og rekstur um 300 metrar. Að rekstri loknum voru kindurnar látnar fara í gengum rennu sem var um einn metri á breidd. Í lokin var svo skipting þar sem hópnum var skipt til helminga; ein merkt kind og ein ómerkt í hvorum helming. Mögulegur stigafjöldi fyrri daginn var 100, en 110 síðari daginn. Þá var brautinni aðeins breytt og var endað á að taka eina kind frá og bættust að hámarki 10 stig við fyrir það. Fyrri daginn voru tímamörkin 10 mínútur, en síðari daginn voru þau 12 mínútur. Nokkrir keppendur náðu ekki að klára brautina.

Brautin var nokkuð krefjandi. Tré og byggingar voru fyrir handan brautina þannig að nokkuð var um að hundunum mistækist í úthlaupinu. Á leiðinni til smalans áttu hundarnir að koma með kindurnar í gegnum tvö hlið. Fyrri daginn var stefnan höfð aðeins til hliðar við smalann, en síðari daginn var stefnan beint á smalann. Einhverra hluta vegna gekk hundunum almennt illa að koma með kindurnar til smalanna. Hraðinn á kindunum var yfirleitt mikill og hundarnir virtust ekki hlýða vel. Reksturinn gekk hinsvegar mun betur og meirihluta þátttakenda tókst að koma kindunum í gegnum rennuna í fyrstu tilraun.

Kindurnar voru greinilega mjög vanar hundum og ekki sást til kindar ógna eða standa framaní hundi. Einn hundur tók þó að ástæðulausu í kind fljótlega eftir að hann kom þeim af stað og annar greip aftaní kind af lítilli ástæðu. Báðir hundarnir voru umsvifalaust dæmdir úr brautinni.

Eftir góða keppni stóðu Torbjörn Jaran Knive og Fibula frá Noregi uppi sem sigurvegarar með 167 (81+86) stig. Í öðru sæti voru Finn B. Pedersen og Craig frá Danmörku með 161 (75+86) stig. Í þriðja sæti voru Pål Høygård og Patsy frá Noregi með 152 (67+85) stig. Í liðakeppninni, sem í voru fimm efstu hundarnir frá hverju landi, sigraði Noregur. Því má svo bæta við að Anna Sofía Fjallheim og Midge, fulltrúar Færeyja, stóðu sig vel og urðu í áttunda sæti með 124 (60+64) stig.



Mynd 1. Sigurvegarar mótsins, Jaran Knive og Fibula frá Noregi, hefja keppni.



Mynd 2. Finn og Craig frá Danmörku undirbúa sig undir að skipta hópnum.



Mynd 3. Eva Eriksson og Jack frá Svíþjóð missa eina kind framhjá renninni.



Mynd 4. Í annarri tilraun gekk þetta svo upp og þau náðu sjötta sæti með 136 (72+64) stig.